

Tillaga til þingsályktunar

um ættliðaskipti bújarða.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Haraldur Benediktsson,
Njáll Trausti Friðbertsson, Ásmundur Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga þess efnis að sérhverjum jarðeiganda verði heimilt að ráðstafa jörð sinni á milli ættliða. Heimilt verði að ráðstafa jörð til lögerfingja með hagkvæmum hætti og án þess að slík ráðstöfun myndi stofn til greiðslu erfðafjárskatts eða íþyngjandi skuldir viðtakanda jarðarinnar til annarra lögerfingja. Einnig verði horft til regluverks í Þýskalandi þar sem heimilt er að ráðstafa jörð til lögerfingja án greiðslu en tekjuskattskvöð virkjast ef viðkomandi hættir búskap. Tilgangurinn er að halda ákveðnum svæðum í landbúnaðarrekstri. Auk þess verði kannað hvort félagslegar lausnir í húsnæðismálum gætu auðveldað ættliðaskipti á bújörðum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 151. löggjafarþingi (422. mál) og er nú lögð fram að nýju.

Með þingsályktunartillöggunni er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði gert að undirbúa og leggja fram frumvarp þess efnis að jarðeigendum verði heimilt með einföldum hætti að ráðstafa jörð sinni milli ættliða. Markmið tillögunnar er að treysta búrekstur í landinu og að gera ábúendum jarða auðveldara að ráðstafa jörð innan ættar.

Til þess að tryggja nýliðun í landbúnaði er mikilvægt að ungar bændur eigi þess kost að eignast jörð eldri kynslóða án þess að stofna til þungrar skuldabyrði. Oft er það vilji þeirra sem eiga jörðina að henni verði ráðstafað innan fjölskyldunnar og jafnvel til tiltekins ættingja sem hyggst halda áfram búskap á henni. Það getur hins vegar verið verulegum vandkvæðum bundið að ráðstafa slíkum jörðum til yngri kynslóða án þess að slíkt stofni til íþyngjandi skulda fyrir viðkomandi. Verðmæti bújarða hefur í mörgum tilvikum aukist verulega vegna upphbyggingar á þeim undanfarin ár og því getur reynst erfitt fyrir næstu kynslóðir að kaupa þær af foreldrum eða meðerfingjum. Vegna þessa hafa margir þurft að búa við þunga skuldaþyrði vegna kaupanna eða þurft að hverfa frá jörðunum og búskapur á þeim lagst niður.

Sé það vilji jarðeiganda að ráðstafa jörðinni með gjafagerningi eða fyrirframgreiðslu upp í arf er slík ráðstöfun skattskyld samkvæmt lögum um tekjuskatt eða lögum um erfðafjárskatt. Ef jörðin er sold undir markaðsvirði til þess að tryggja áframhaldandi búrekstur hefur Skatturinn einnig litið svo á að um skattskylda gjöf sé að ræða. Þegar verðmæti jarðarinnar er tölvert getur það verið afar íþyngjandi fyrir viðtakanda að fjármagna kaup á jörðinni á markaðsvirði eða standa straum af þeim opinberu gjöldum sem leggjast á framangreinda gerninga. Þessar hindranir skapa óneitanlega hvata til þess að jarðir séu seldar hæstbjóðanda á almennum markaði.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um ættaróðal og erfðaábúð frá árinu 1943 segir að markmið laganna sé að draga úr þeirri skuldabyrði sem fylgir því að ungir bændur kaupi jarðir af foreldrum sínum eða meðerfingjum. Sú skuldabyrði olli því að kaupendur gátu oft litlu áorkað til umbóta á jörðum sínum. Eftir brottafall ákvæða um heimild til stofnunar nýrra ættaróðala úr jarðalögum er staðan alls ekki ólík. Því er tilefni til þess að farið verði í heildræna endurskoðun á því hvernig haga megi ættlidaskiptum á bújörðum til framtíðar þannig að nýliðun verði sem allra mest og að ungir bændur geti tekið við búum af eldri kynslóðum án þess að þurfa að taka á sig óviðráðanlega skuldabyrði.